

**19. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
20. október 2015 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Helga Kristín Björgólfssdóttir varamaður og Anna Leif Elídóttir verkefnisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Leif Elídóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1510104 - Bókasafn - fjárhagsáætlun 2016**

Halldóra Jónsdóttir forstöðumaður Bókasafns Akraness mætir á fundinn.

*Halldóra gerir grein fyrir stöðu mála vegna rakastýringartækis í geymslur safnsins. Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð að keyptur verði búnaður sem viðheldur réttu rakastigi í skjalageymslum safnsins. Rakastig í geymslum safnsins hefur mælst langt undir viðmiðum og því er brýn þörf á úrbótum. Halldóra Jónsdóttir yfirgefur fund kl. 18.20.*

**2. 1510105 - Safnasvæðið - fjárhagsáætlun 2016**

Jón Allansson forstöðumaður Safnasvæðisins á Akranesi mætir á fundinn. Einnig fjallað um gjaldskrá Safnasvæðisins.

*Forstöðumaður Byggðasafnsins í Görðum greindi frá viðhaldverkefnum á safninu. Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð Akraness og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að viðhald fasteigna safnsins verði fært yfir til eignasjóðs Akraneskaupstaðar. Samfara því þarf að gera ráð fyrir viðgerðum á ytra birði safnahússins á fjárhagsáætlun ársins 2016.*

*Húsið er farið að láta mikið á sjá og þarfast nauðsynlegs viðhalds, þ.e. sprunguviðgerðir, málun og fleira. Síðast var húsið viðgert og málað að utan á árunum 1996 til 1997.*

*Menningar- og safnanefnd leggur til eftirfarandi breytingar á gjaldskrá safnins frá og með 1. janúar 2016:*

*Fullorðnir: kr. 800, öryrkjar og eldri borgarar kr. 500, frítt fyrir yngri en 18 ára í fylgd með fullorðnum.*

*Hópar 10 eða fleiri kr. 500 á mann. Leiðsögn um safnið utan dagvinnutíma kr. 10.000 aukalega. Áfram verði frítt fyrir leiðsagnir fyrir skólahópa í fylgd með kennurum. Jón Allansson vikur af fundi kl. 19.25.*

**3. 1508390 - Menningarverðlaun Akraness 2015**

Menningar- og safnanefnd fjallaði um innsendar tillögur bæjarbúa um menningarverðlaun Akraness árið 2015.

*Menningar og safnanefnd er einhuga um val sitt og felur verkefnastjóra að koma tilnefningunni áleiðis til bæjarráðs til staðfestingar.*

4. 1501398 - Vökudagar 2015

Verkefnastjóri leggur fram drög að dagskrá Vökudaga 2015. Dagskráin er fjölbreytt og metnaðarfull að vanda. Dagskráin verður birt á heimasíðu akranes.is.

Verkefnastjóri menningarmála kynnti dagskrána.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.

Telgeir B. Þorsteinsson  
Jónmundur Ólafsson  
Jónella Sigurjónsdóttir  
Hedda Kristín Björnólfssd.  
Audur Ólafsdóttir  
Kristi P.  
Rita Líf Elid.